

FUNDARGERÐ – Staðfest

19. Fundur heimsminjanefndar Íslands 2011

Heimsminjanefnd Íslands hélt sinn 19. fund 23. febrúar 2011 í Þjóðminjasafni Íslands, 6. hæð í turni.

Drög að dagskrá

1. Fundargerð fyrri fundar lögð fram til samþykktar.
2. Yfirlitsskrá. Staða við áfangaskil. Umræða um næstu skref.
3. Málefni Surtseyjar. Þórdís Bragadóttir boðin velkomin á fundinn.
4. Torfajökulsaskjan. Næstu skref.
5. Önnur mál.

Fundargerð

Formaður setti fund kl. 13.15 og bauð menn velkomna, sérstaklega Þórdísi Bragadóttur nýjan forstöðumann Surtseyjarstofu. Viðstaddir voru nefndarmennir Margrét Hallgrímsdóttir formaður, sem stjórnaði fundi, Sigurður Á. Þráinsson, Kristín Huld Sigurðardóttir, Lovísa Ásbjörnsdóttir og Ragnheiður H. Þórarinsdóttir, sem ritaði fundargerð. Á fundinum voru einnig viðstödd; Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður Þingvalla, Þórdís Bragadóttir umsjónarmaður Surtseyjarstofu, Anna Lísa Rúnarsdóttir sviðsstjóri á Þjóðminjasafni Íslands og Agnes Stefánsdóttir verkefnastjóri víkingatilnefningar hjá Fornleifavernd ríkisins.

Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður skilaði góðum kveðjum frá formanni Þingvallanefndar með hamingjuóskum um að yfirlitsskráin sé frá. Almenn ánægja er í Þingvallanefnd með stöðu Þingvalla á henni.

1. Fundargerð 18. fundar lögð fram til samþykktar og undirritunar.

Fundargerð 18. fundar undirrituð.

2. Yfirlitsskrá. Staða við áfangaskil. Umræða um næstu skref.

Yfirlitsskráin hefur verið afhent heimsminjaskrifstofu UNESCO og hefur verið á heimasiðu UNESCO frá 7. febrúar sl. WHC hefur staðfest móttöku í bréfi til íslenska sendiherrans í París, sem er fastafulltrúi Íslands hjá UNESCO. Rædd voru næstu skref og mikilvægi þess að stuðla að vitund um mikilvægi yfirlitskrár í innlendu samhengi, á sviði ferðaþjónustu, umhverfis- og minjaverndar. Akveðið að vekja athygli þeirra aðila, sem hafa tengingu við staði á yfirlitsskránni og fyrreñfndar áherslur, s.s. Náttúrufræðistofnun, Íslandsstofu, Ferðamálastofu, Náttúrurannsóknarstöðina v. Mývatn, Þjóðgarðinn Snæfellsjökul, Grímsnes- og Grafningshrepp, Náttúrustofur viða um land, Samband isl. sveitarfélaga, Náttúrufræðistofu Kópavogs.. Iðnaðarráðuneyti, Yfirstjórn rammaáætlunar, umsjónarmenn Orkustefnunnar..... (Detti nefndarmönnum í hug fleiri aðilar, vinsaml. láta RHP vita)

3. Málefni Surtseyjar.

Formaður bauð Þórdísi Bragadóttur velkomna á fundinn. Rætt var um stöðuna og hvernig undirbúningi um vígsluhátið væri háttáð. Rætt var um að vígsluhátið skipulögð í samvinnu Umhverfisstofnunar, Vestmannaeyjarbæjar og umhverfisráðuneytis. Lovísa upplýsti að búið væri að fá heimild til að nota heimsminjamerkid. SÁP sagði frá því að hann hefði hitt bæjarstjórnann í Vestmannaeyjum að máli og bærinn væri tilbúinn í samstarf um þetta.

RHP

Lovisa sagði frá því að Surtsey yrði 50 ára 14. nóvember 2013. Í undirbúningi er á vegum NÍ og Surteyjarfélagsins að gefa út rit um Surtsey.

Nefndin ræddi hugsanlega útgáfu á riti um íslenska heimsminjastaði og jafnvel um yfirlitsskrána. Lagt til að slikt rit yrði gefið út í tengslum við að árið 2015 eru 20 ár liðin frá því Íslands staðfesti heimsminjasamninginn. Verður hugmyndin rætt nánar á seinni fundum.

4. Torfajökulsaskjan. Næstu skref.

Samþykkt var að bjóða náttúrufræðingum á fund nefndarinnar til þess að ræða um gildi staðarins og fá álit vísindamanna á því hvort staðurinn hafi einstakt gildi á heimsvísu.

Nefndin kalli á sinn fund sérfræðinga af Náttúrufræðistofnun, Norrænu eldfjallastöðinni, Umhverfisstofnun o.fl. og fái álit þeirra. SÁP og LÁ velja sérfræðinga og senda nöfn og netsöng á MH, sem mun boða þá á fund 23. mars kl. 13.

Heimsminjanefndin mun, þegar sú umræða hefur verið tekin, ákveða hvort hún muni leggja til við mennta- og menningarmálaráðherra um að taka það upp við ríkisstjórnina hvort Torfajökulsaskjan eigi að fara á yfirlitsskrá Íslands.

5. Önnur mál.

ÓÖH minntist á að bráðlega yrði haldið útgáfuteiti í tilefni af því að bók Péturs M. Jónassonar og Páls Hersteinssonar um Þingvallavatn er að koma út. Boðið verður 9. mars kl. 17 í Salnum í Kópavogi. Bókaútgáfan Opna gefur bókina út og mun senda nefndinni boð.

RHP og AS kynntu stöðuna á vikingatilnefningunni og dreift var fyrstu drögum að tilnefningarskjali. Kynnt var að hugmyndin væri að RHP og Einar Á. Sæmundsen hjá Þingvallabjóðgarði fari yfir tilnefningarskjalið varðandi Þingvelli og geri þarfagreiningu á hvaða nýtt efni þarf i tilnefningaskjalið og kalla eftir aðstoð eftir þörfum.

Næsti fundur verður 23. mars 2011, kl. 13.

Fundi slitið kl. 14.30.

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir

Ragnheiður H. Þórarinsdóttir
Lundar Þórarinsdóttir
Ragnheiður H. Þórarinsdóttir